



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíðarsamkomu
í opinberri heimsókn til Strandsýslu
Árnesi
12. júlí 2000

Ágætu Strandamenn
Góðir samkomugestir

Það líður nú senn að lokum þessarar ógleymanlegu heimsóknar í Strandasýslu. Ég vil í upphafi máls míns hér í kvöld þakka ykkur fyrir hjartanlegar móttökur, fróðleikinn sem fram hefur verið reiddur og þessar góðu samverustundir.

Þótt Strandasýsla sé ekki fjölmenn í samanburði við sumar aðrar þá er hér að finna ríkulegt mannlíf, samheldni og áræðni, sterkan vilja til að nýta til hlítar þá mörgu kosti sem sýslan býður. Og þeir eru svo sannarlega góður efniviður til atvinnusköpunar, menningariðju og þeirrar gleði sem gefur mannlífinu gildi.

Ég nefndi á Hólmavík í gær hvernig sagan og náttúran skapa hér einstæða auðlegð, fjársjóð minninga um forna tíð, landnám og þjóðveldi, galdra og trúarlíf, hákarlaveiðar og hafísvetur.

Í rauninni er hægt að nota sjálfa Landnámu sem eins konar leiðsögubók um firði og víkur og láta hið merka rit um upphaf Íslandsbyggðar vera lýsingu á ferðalagi úr einum firði í annan. Svo segir í Landnámu:

„Herröður hvítaský var göfugur maður. Hann var drepinn af ráðum Haralds konungs en synir hans þrír fóru til Íslands og námu land á Ströndum: Eyvindur Eyvindarfjörð, Ófeigur Ófeigsfjörð, Ingólfur Ingólfsfjörð. Þeir bjuggu þar síðan.

Eiríkur snara hét maður er land nam frá Ingólfsfirði til Veiðilausu og bjó í Trékyllisvík. Hann átti Ólöfu dóttur Ingólfs úr Ingólfsfirði.“

Og þannig eru þeir áfram taldir kapparnir sem hér fundu fótfestu á fyrstu tíð:

„Björn hét maður er nam Bjarnarfjörð. Hann átti Ljúfu. Þeirra sonur var Svanur er bjó á Svanshóli.

Steingrímur nam Steingrímsfjörð allan og bjó í Tröllatungu.“

„Kolli hét maður er nam Kollafjörð og Skriðinsenni og bjó undir Felli meðan hann lifði.“

Einn af þessum görpum var langafi Grettis Ásmundarson, Öfundur tréfótur sem nam land að ráði Eiríks snöru frá Ófæru og “þær þrjár vikur, Byrgisvík og Kolbeinsvík og Kaldbaksvík allt til Kaldbakskleifar. Síðan gaf Eiríkur honum Veðilausu alla og Reykjarfjörð og Reykjanes allt þeim megin” eins og segir í Grettlu. Öfundur liggur nú í Tréfótshaugi og fær þessi eftirmæli í sögunni: „Hann hefir fræknastur verið og fimastur einfættur maður á Íslandi.“

Landnáma rekur skilmerkilega árdaga byggðar í Strandasýslu og má þá eigi á þessu mikla hátíðarári landafunda í Vesturheimi gleyma upphafinu sjálfu hér í Strandasýslu þegar Þorvaldur afi Leifs heppna nam hér land. Lýsingin í Landnámu er vissulega hnitmiðuð og skýr:

„Þorvaldur Ásvaldsson, Úlfssonar, Yxna-Þórissonar, nam Drangaland og Drangavík til Enginess og bjó að Dröngum alla ævi. Hans sonur var Eiríkur rauði, er byggði Grænland, sem fyrr segir.“ Þar er vísað til lýsingar á byggð þeirra feðga í Brattahlíð á Grænlandi þar sem við Íslendingar munum ásamt Grænendingum og Margréti Þórhildi drottningu Danmerkur minnst um næstu helgi þess merkilega landnáms sem átti upphaf sitt hér á Dröngum í Strandasýslu.

Þannig tengist sýslan ykkar landafundum vestanhafs, siglingu íslenskra sáfara yfir ókunnug höf í leit að nýrri álfu, samtengingu Ameríku og Evrópu, hinni merku arfleifð Íslendinga, Bandaríkjamanna og Kanadabúa.

Drangar eru því ekki aðeins sögustaður í hugum okkar Íslendinga heldur tengjast þeir uppsprettu atburðanna sem fólu í sér eitt helsta afrek í siglingarsögu mannkynsins. Væri svo sannarlega við hæfi nú þegar við erum á margvíslegan hátt að minnst þessarar margbrotnu sögu með byggingu Þjóðveldisbæjar á Eiríksstöðum í Haukadal og endurbyggingu fornra húsa í Brattahlíð á Grænlandi og Þjóðirnar beggja vegna Atlantshafsins taka saman höndum í hátíðarhöldum, að þá verði í

framtíðinni hugað vel að því hvernig hægt sé á Dröngum að minnast með veglegum hætti landnáms ættföður þeirra feðga Eiríks rauða og Leifs hins heppna.

Söguslóðir liggja víða um Árneshrepp og sýsluna alla. Í Trékyllisvík sat Finnbogi rammi hinn efsta hluta viðburðaríkrar ævi sinnar svo sem segir í sögu hans og reisti þar kirkju enda voru á þeim dögum 35 bæir í vikinni. Margt segir af Þórði kakala Sighvatssyni af þessum slóðum þegar hann var að efla andstöðu við Kolbein unga Arnórsson og náði sú barátta hámarki í mestu sjóorrustu sem háð hefur verið við Íslandsstrendur, Flóabardaga sem varð hér skammt austur af. Þórður hafði fimmtán skip og 210 menn, Kolbeinn tuttugu skip og ríflega 470 menn en af þeim féllu um 80 í orrustunni; eftirleikurinn varð svo á þessum slóðum og gekk Kolbeinn hart fram eins og lýst er í Þórðar sögu kakala í Sturlungu: „Eftir það lét Kolbeinn taka skip öll og hafði sum með sér en sum lét hann brenna. Í þessi ferð var það gert sem aldrei hafði fyrr verið á Íslandi. Hann lét taka hvalina suma en í suma lét hann eld leggja og brenna upp, sagði að eigi skyldi Þórður ala sig á þeim eða menn sína til ófriðar honum. Rændi Kolbeinn þá allar Strandir og sigldi þaðan til Vestfjarða og kveðst þá aleyða skyldu svo að Þórður mætti þaðan eigi eflast með ófriði.“

Þannig hefur hugurinn í dag leitað aftur til upphafs byggðar í sýslu hér fyrir meir en þúsund árum síðan og þeirra miklu atburða í sögu þjóðarinnar sem hér hafa orðið. Rétt er að minnast þess þegar rætt er um erfiðleika og andstreymi á okkar tíð að Strandasýsla hefur í röskar tíu aldir fósrað sitt fólk vel þótt oft hafi á ýmsu gengið.

Síldarárin miklu á Djúpavík, með einstökum umsvifum og athafnaþrá, fjörugu mannlífi, nætur og daga; veiðistöðin í Gjögri þaðan sem oft gengu tæplega tuttugu skip til hákarlaveiða – hvort tveggja vitnisburður um atvinnuhætti sem áttu ríkan hlut í að skapa það Ísland sem við höfum hlotið í arf.

Vissulega var lífið erfitt hér fyrrum og í samanburði sést hve vel hefur miðað fram á veg þótt mörgum finnist oft hægt ganga. Í hinni merku árbók Ferðafélagsins sem út kom fyrir tæplega hálfri öld síðan má lesa eftirfarandi lýsingu á aðbúnaði og lífsháttum þeirra sem lögðu hér í sýslunni stund á hinar margrómuðu hákarlaveiðar:

„Menn gerðu sig út í hákarlaverið mjög á sama hátt að mat og klæðum sem í aðra sjóróðra. Kaffi og sykur var sáralítið eða 1 pund af hvoru til mánaðar, en sýrutunna fylgdi hverju skipi. Aldrei höfðu hákarlamennirnir fanggæzlu, heldur var einn af hverri skipshöfn

eldasveinn, og var það ávallt sami maður alla vertíðina. Það var aukastarf, sem hinir hásetarnir tóku engan þátt í.

Á sjónum var fram um 1880 aldrei kveiktur eldur á skipsfjöl, heldur aðeins hafður með kaldur matur, sem nægja myndi til viku eða meir, því að svo löng gat legan orðið og enda lengri, ef afli var tregur og vond veður eða hrakningar bættust þar á ofan. Eigi var heldur um neinn svefn að ræða í sjóferðunum, að heitið gat.“

„Landlegur voru oft bæði tíðar og langar. Voru þá glímur helzta skemmtunin. Dálítið var teflt, en spil sáust varla. Bókakostur var lítill og lítið lesið. Sumir unglingar og enda fullorðnir menn notuðu landlegurnar til þess að læra lestur og einkum skrift, ef einhver var sá í verstöðinni, sem þau fræði gat kennt og vildi kenna, er oftast var. Mjög margir fengust við smíðar og skinnklæðasaum fyrir húsbændur sína. Þegar hagrýðingar eða kvæðamenn voru í verinu, voru rímur kveðnar og ortar formannavísur. Tóbaksnotkun var mjög í hófi, mest notað af munntóbaki, enda handhægast á miðum úti. Vínnautn var heldur ekki mikil eða almenn. Þó var dálítið drukkið í landlegum, ef vín var til, en á sjóinn var það aldrei haft.“

Þessi texti sýnir hve kjörin voru kröpp á fyrri tíð og leiðir fram þann mikla árangur sem elja og athafnir genginna kynslóða hafa skilað okkur sem nú lifum.

Á árdögum nýrrar aldar er mikilvægt að huga vel að þeirri fjölbreytni sem mótað hefur menningu okkar og sögu, þjóðlíf allt og þá sjálfsmynd sem Íslendingum hefur best dugað.

Í þeirri miklu hljómkviðu hefur Strandasýsla löngum lagt til skýra tóna og mun áfram gera um ókomna tíð.

Íbúar sýslunnar hafa verið merkisberar dugnaðar og dirfsku, varðveitt sögu og menningu sem átt hefur sérstakan sess í þjóðarvitund Íslendinga og svo mun enn á nýrri öld.

Sú arfleifð sem gert hefur okkur að þjóð á sér traustar rætur í hinum dreifðu byggðum, í lífi og starfi til sjávar og sveita, inn til fjarða og upp til fjalla. Það er samspil manns og náttúru sem ofið hefur hinn sterka vef í þjóðarþel okkar Íslendinga og óvíða hefur þessi samleikur verið stórbrotnari og mikilfengnari en einmitt hér á Ströndum.

Heimsóknin hingað hefur sýnt mér á margvíslegan hátt með hve ríkulegum metnaði þið Strandamenn búið ykkur undir framtíðina. Þið

byggið ekki aðeins á traustum grunni heldur beitið einnig hugmyndaauðgi og hagsýni til að sækja fram á nýjum sviðum.

Í heimsókninni í Grunnskólann í Drangnesi fyrr í dag, á myndlistarsýninguna þar sem málverk og útskurður í rekavið glöddu gesti, í saltfiskhúsið og við fræðslu um verkefni í ferðamálum, á Djúpavík og Gjögri, í kirkjunum og handverkshúsi hef ég séð öfluga samtvinnaframsækni og atorku sem löngum hefur dugað Strandamönnum best til að geta notið hér þess góða lífs sem sýslan gefur.

Alúðin sem hér er lögð í menntun og uppeldi æskufólksins er líka órækur vitnisburður um sterkan vilja til að hlúa vel að þeim sem við verkum munu taka.

Ég óska ykkur innilega til hamingju með öll ykkar áform og vona að þið hafið eins og ég fundið þessa daga að bjartsýnin á hér góðan bústað, að samheldni og samtakavilji fólksins sjálfs gefur fyrirheit um árangur og ánægju við það göfuga verk að skapa sinni heimabyggð trausta framtíð.

Ég þakka ykkur öllum sem hér eruð og öðrum þeim sem ég hef hitt í heimsókn minni, sveitarstjórnarfólki og ágætum sýslumanni fyrir þessa samverudaga, frábæran undirbúning og aðbúnað allan. Megi starf ykkar nú og um alla framtíð verða sýslunni ykkar og þjóðinni til heilla.